


STARFSÁÆTLUN FÉLAGSMIÐSTÖÐIN ÞEBA



ÞEBA



Dúna Baldursdóttir
duna@kopavogur.is

Starfsáætlun – Félagsmiðstöðin Þeba.

Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Þeba er félagsmiðstöð fyrir börn og unglinga í 8.-10. Bekk í Smárahverfi. Skrifstofa Þebu er staðsett inn af matsal Smáraskóla. Á kvöldopnunum notum við matsalinn og miðrými ofan við matsalinn í starfið. Einnig fær félagsmiðstöðin afnot af kennslustofum í samráði við kennara Smáraskóla þegar á þarf að halda. Fjöldi skráðra barna í 8.-10. bekk eru 166.

Opnunartímar:

Mánudagar 17:00-18:30 og 19:30-22:00.

Miðvikudagar 17:00-18:30 og 19:30-22:00.

Annar hver föstudagur 19:30-23:00.

Einnig eru dag- og hádegisopnanir sem taka mið af viðveru forstöðumanns og aðstoðarforstöðumanns Þebu.

Félagsmiðstöðvar Kópavogs (FÉLKÓ) gefa út sameignlega dagatal

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Félagsmiðstöðvadamatal 2024 - 2025

Nafn skóla:

AGÚST	SEPTEMBER	OCTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ
1. F	1. S	1. D	1. F	1. S	1. M	1. F	1. S	1. D	1. F	1. S
2. F	2. M	2. D	2. F	2. S	2. M	2. F	2. S	2. D	2. F	2. S
3. S	3. D	3. F	3. S	3. M	3. F	3. S	3. D	3. F	3. S	3. D
4. S	4. M	4. D	4. F	4. S	4. M	4. F	4. S	4. D	4. F	4. S
5. M	5. D	5. F	5. S	5. M	5. F	5. S	5. D	5. F	5. S	5. D
6. D	6. F	6. S	6. M	6. D	6. F	6. S	6. D	6. F	6. S	6. D
7. M	7. D	7. F	7. S	7. M	7. F	7. S	7. D	7. F	7. S	7. D
8. F	8. M	8. D	8. F	8. S	8. M	8. F	8. S	8. D	8. F	8. S
9. F	9. M	9. D	9. F	9. S	9. M	9. F	9. S	9. D	9. F	9. S
10. S	10. D	10. F	10. S	10. M	10. F	10. S	10. D	10. F	10. S	10. D
11. S	11. M	11. D	11. F	11. S	11. M	11. F	11. S	11. D	11. F	11. S
12. M	12. D	12. F	12. S	12. M	12. F	12. S	12. D	12. F	12. S	12. D
13. F	13. M	13. D	13. F	13. S	13. M	13. F	13. S	13. D	13. F	13. S
14. M	14. D	14. F	14. S	14. M	14. F	14. S	14. D	14. F	14. S	14. D
15. F	15. M	15. D	15. F	15. S	15. M	15. F	15. S	15. D	15. F	15. S
16. F	16. M	16. D	16. F	16. S	16. M	16. F	16. S	16. D	16. F	16. S
17. S	17. D	17. F	17. S	17. M	17. F	17. S	17. D	17. F	17. S	17. D
18. S	18. M	18. D	18. F	18. S	18. M	18. F	18. S	18. D	18. F	18. S
19. M	19. D	19. F	19. S	19. M	19. F	19. S	19. D	19. F	19. S	19. D
20. D	20. F	20. S	20. M	20. D	20. F	20. S	20. D	20. F	20. S	20. D
21. M	21. D	21. F	21. S	21. M	21. F	21. S	21. D	21. F	21. S	21. D
22. F	22. M	22. D	22. F	22. S	22. M	22. F	22. S	22. D	22. F	22. S
23. F	23. M	23. D	23. F	23. S	23. M	23. F	23. S	23. D	23. F	23. S
24. S	24. M	24. D	24. F	24. S	24. M	24. F	24. S	24. D	24. F	24. S
25. S	25. M	25. D	25. F	25. S	25. M	25. F	25. S	25. D	25. F	25. S
26. M	26. D	26. F	26. S	26. M	26. F	26. S	26. D	26. F	26. S	26. D
27. F	27. M	27. D	27. F	27. S	27. M	27. F	27. S	27. D	27. F	27. S
28. M	28. D	28. F	28. S	28. M	28. F	28. S	28. D	28. F	28. S	28. D
29. F	29. M	29. D	29. F	29. S	29. M	29. F	29. S	29. D	29. F	29. S
30. F	30. M	30. D	30. F	30. S	30. M	30. F	30. S	30. D	30. F	30. S
31. S		31. F		31. S		31. M				

Föstudagsopnanir eru annan hvern föstudag, með fyrirvara um breytingar.

Blár - Féikó viðburður. Appelsínugulur - Samfés viðburður. Dökkgrænn - vetrarfrí. Fjólublár - föstudagsopnanir. Ljósgrænn - fridagar í skólum. Rauður - fundir.

Starfið í vetur

Í Þebu er opið í jóla, páska og vetrarfríum þegar skólinn er að jafnaði lokaður. Starfið er þá miðað út frá þörfum þeirra einstaklinga sem þurfa mikið á opnunum að halda. Allir unglingar í 8. – 10. bekk sem búa í Smárahverfinu eru velkomnir á opnanir í Þebu. Skráning er einungis tekin hjá þeim sem þess óska og vilja safna sér mætingastigum vegna Samfestingsins sem haldin er af Samfés 2. – 3. maí 2025.

Starfshlutfall félagsmiðstöðvarinnar er reiknað út frá unglingum á unglingastigi og er nánast allt okkar starf miðað á unglingana. Þó eru sérstakar opnanir fyrir miðstig og eru miðvikudagar eða mánudagar milli 17:00 – 18:30 teknir undir þær opnanir eftir hvað hentar hverju sinni. Árgangarnir skiptast á vikum að koma í þebu og munu foreldrar fá plan hvenær þeba er fyrir þeirra bekkjardeild.

Á dagskrá þebu eru starfsmannafundir í fyrri opnun einu sinni í mánuði ýmist á mánudögum eða miðvikudögum. Þessir fundir með starfsmönnum þebu eru nýttir til að skipuleggja okkur í starfinu og ræða einstaka mál sem upp koma. Forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður situr fundi með deildarstjóra unglingastigs vikulega (og oftár ef þarf) til að fara yfir málefni þeirra barna og unglinga sem þurfa sérstaka athygli. Til dæmis vegna áhættuhegðunar eða félagslegrar einangrunar. Þetta samstarf við skólann hefur gengið vel undanfarin ár og mun halda áfram næsta starfsár. Varðandi þeburáð er það skipað börnum sem bjóða sig fram í þau störf sem í boði eru. Ef mikill fjöldi sækir um verður dregið úr innsendum umsóknum.

Miðstig 5. 6. og 7. bekkur

Í þebu er lögð áhersla á að allir sem þangað sækja geti látið sér líða vel. Áætlunin með miðstigið er að venja þau við að koma í félagsmiðstöðina sína þannig að þegar þau koma á unglingastigið og fá að vera meira að þau séu vön reglunum og finni sig örugg. Undanfarin ár hefur starfið verið með þeim hætti að tvisvar sinnum í mánuði hefur miðstigið verið boðið velkomið á fyrri opnun í þebu. Í fyrravetur lögðum við nokkra áherslu á að ná inn miðstiginu og vorum við með þau til skiptis eftir árgöngum á miðvikudögum. Í vetur munum við halda þessu starfi áfram með þessum hætti. Okkur gekk betur að tengjast krökkunum á miðstiginu í heild með þessum hætti. Við munum skipa yngra þeburáð sem mun vera okkur innan handar varðandi dagskrá fyrir miðstigið. Í maí er 7. bekk svo boðið að koma inn eins og unglingunum á kvöldin milli kl 19:30 og 22:00 mánudaga og miðvikudaga líkt og undanfarin ár. En þó má nefna að mikill skortur er á betra miðstigsstarfi og teljum við það mikilvægan hlekk í að tryggja að börn upplifi farsæla skólagöngu að félagslegi hlutinn sé ræktaður.

Unglingastig 8., 9., og 10. bekkur

Fyrir unglingastigið er að sjálfsögðu sömu áherslur hvað varðar öryggistilfinningu hjá unglingum. Við leggjum mikið upp úr því að hverjum og einum sé heilsað þegar hann mætir. Við viljum vera staðurinn sem unglingar leita til ef þau finna sig í vanda af einhverjum ástæðum. Opnanir fyrir unglinga eru skipulagðar í samstarfi við þau.

Klúbbastarf

Klúbbastarf í þebu mun vera skipulagt í samstarfi við unglingana. Þeir klúbbar sem hafa verið hvað vinsælastir síðastliðin ár verður haldið áfram og mögulega nýjum bætt við. Þetta eru klúbbar eins og matar- og bókunarklúbbar, brjóstsykursgerð, D&D, spilaklúbbar, Píla og Pool, LAN o.s.frv.

Námskeið/fræðsla sem félagsmiðstöðin stendur fyrir

Við í þebu leitumst við að finna fræðslu sem unglingarnir hafa gaman af og áhuga á hverju sinni. Einnig sjáum við starfsfólkið um að fræða og verðum við með samfélagsmiðla og orkudrykkjafræðslu fyrir efsta stig í byrjun nóvember annars vegar og í mars hins vegar. 8. Og 9. bekkur munu byrja á að fá samfélagsmiðlafræðsluna á meðan 10. bekkur fær fræðslu um orkudrykki.

Verkefni/viðburðir er snúa að Barnasáttmálanum og heimsmarkmiðunum

Í þebu fá raddir barna að njóta sín og hafa þau alvöru áhrif í starfinu á grundvelli 12. og 13. greina Barnasáttmálans. Starfsfólkið hlustar á skoðanir þeirra, tekur mark á þeim og aðstoðar þau að framkvæma þær hugmyndir sem varpað er fram. Hvað varðar Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna erum við að vinna ómeðvitað í þeim hvern einasta dag. Hægt er að fá sér í svanginn í þebu nánast alltaf. Við eflum heilsu og vellíðan með alls kyns klúbbum bæði matar- og hreyfíklúbbum. Við gætum þess að vera ekki að nota einnota umbúðir eins og plastglös heldur vöskum við frekar upp eftir okkur svo dæmi séu tekin. Fáum reglulega gefins mat frá bakaríum eftir að þau loka til að minnka matarsóun.

Viðburðir í vetur

Viðburðir þebu eru margbreytilegir og ákveðnir mánuð fyrir mánuð. Helst ber að nefna kökukeppnir, brjóstsykursgerð, feluleikur, spilakvöld, náttfatanótt, EA FC mót, borðtennis, körfuboltamót, Poolmót, matarklúbbur, bókunarklúbbur, ferðir, heimsóknir og annað. Sameiginlegir viðburðir eru t.d. Íþróttadagar, forvarnarvika, LAN mót, söngkeppni, skíðaferð, stuttmyndahátíð, GETKÓ, nýársball og félagsmiðstöðvahátíð. Viðburðir í samstarfi við skólann eru árshátíð og jólaball.

Sumar

Þeba er með sumaropnanir í félagsmiðstöðinni á sumrin. Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt. Annarsvegar er boðið upp á sumarsmiðjur fyrir 10 til 13 ára börn og hins vegar dag- og kvöldopnanir fyrir unglinga. Sumarsmiðjurnar eru af ýmsum toga t.d. brjóstsykursgerð, Tie dye bolamálun, hjóla- og sundferðir, heimsóknir, dans, bakstur o.fl. Starf fyrir unglinga var í formi sértæks- og skipulags hópastarfs, vettvangsferða og viðburða. Í sumaropnun félagsmiðstöðvarinnar gátu börn og unglingar komið saman í öruggu og uppbyggilegu umhverfi, og hver og einn notið sín. Lögð var áhersla á skemmtilegt og skapandi starf, jafnt innan sem utandyr, en útivist skipaði ákveðinn sess í sumarstarfinu þetta sumarið. Fjölbreyttir viðburðir voru í boði í sumar fyrir unglingana en var lögð áhersla á virkni og útiveru. Í boði var frísbíggolf, lasertag, sundferðir, bíóferð, vatnsbyssustríð, útileikir, brjóstsykursgerð, ísferðir og fleira. Opnanir voru á mánudögum og miðvikudögum frá 12:00 – 17:00 og 19:30 – 22:00. Á sumrin er starfsfólk þebu í samskiptum og samvinnu við vinnuskólann. Unglingarnir geta fengið að mæta til okkar þegar opnun var í þebu þegar þau voru í hádegishléi eða pásu. Unglingar geta einnig sóst eftir að vinna í þebu í stað þess að vera úti í beðið og hefur það samstarf gengið vel. Í tengslum við styrk sem félagsmiðstöðvarnar fengu til að auka stuðning við börn í skipulögðu frístundastarfi á aldrinum 12-16 ára var farið af stað með nýsköpunarverkefnið Félkó-Flakkandi félagsmiðstöð. Flakkandi félagsmiðstöð var hugsuð sem áframhald af sumaropnun félagsmiðstöðva en starfaði þvert á Kópavog, og því ekki bundinn við eitt hverfi. Markmið með Félkó-flakkandi félagsmiðstöð var að virkja áfram einstaklinga sem þurftu sérstaka hvatningu og stuðning á að halda vegna félagslegrar stöðu sinnar sem og bjóða ungu fólki í sveitarfélaginu skemmtilegt og uppbyggilegt frístundastarf með sínum jafnöldrum. Starf næsta sumars verður ákveðið þegar komið er á hreint hvernig starfsmannamálum verður háttað.

Viðburðir í samstarfi við Samfés

Samfés, landssamtök félagsmiðstöðva & ungmennahúsa, heldur úti viðburðum á landsvísu. Hér má sjá dagskrá Samfés fyrir veturinn 2022-2023: (Áslaug

Sérverkefni

Í starfi félagsmiðstöðvarinnar erum við alltaf að vinna með að ýta undir jákvæð samskipti á meðal unglinganna. Í gegnum klúbbastarfið okkar þá reynum við að efla þann hóp sem sérstaklega á þarf að halda til þátttöku í starfinu t.d. með D&D hlutverkaspil og nú nýverið hefur ákveðinn hópur verið mjög spenntur fyrir brjóstsykursgerð. Einnig er sérverkefnið okkar það sem snýr að hreyfingu og útivist. Við tökum þátt í Laugavegsgöngu 8. bekkjar hvert haust og hefur það gefið mjög góða byrjun hjá 8. bekk hvað varðar mætingar í félagsmiðstöðina. Planið í vetur er að fara í fjallgöngur með árgangana á sitt fjall en hver árgangur á fjall til að ganga á hvern vetur.

Unglingaráð

Er unnið í samvinnu með skólanum og kjósa unglingarnir í ráðið lýðræðislega.

Foreldrasamstarf

Forstöðumaður fer inn á námsefniskynningu fyrir allt unglingastigið og kynnir starf félagsmiðstöðvarinnar fyrir foreldrum. Samstarf við foreldrafélag hefur verið gott undanfarin ár. Foreldrafélagið hefur sóst eftir að fá að vita hvað það er sem vantar inn í félagsmiðstöðina. Forstöðumaður fer inn á fund hjá stjórn foreldrafélagsins og stillir saman strengi við þau hvað varðar foreldrarölt og annað. Þeba heldur úti Facebook grúppu sem heitir Þeba foreldrar og fara upplýsingar varðandi opnanir og viðburði inn í þá grúppu.

Verkefni tengd menntastefnu Kópavogs

Þau verkefni sem unnin verða á árinu 2025 tengjast áframhaldandi þróun Félkó miðstöðvar og að auka samstarf og samfellu milli frístunda og félagsmiðstöðva.

Virk þátttaka í frístundum og íþróttastarfi þroskar félagshæfni og vinnur gegn félagslegri einangrun. Áhersla er á að allir geti tekið þátt óháð aldri, áhugasviði og getu og fái tækifæri til að nýta styrkleika sína. Tækifæri ólíkra samfélagshópa til þátttöku sé sömuleiðis tryggð. Unnið verði eftir viðurkenndum aðferðum við hæfniuppbyggingu sem nýtist í námi og leik, og til að efla andlega, félagslega og líkamlega heilsu. Einnig að gæði starfsins og öryggi þátttakenda sé í fyrirrúmi og að unnið verði gegn hvers kyns mismunun, einelti og ofbeldi. Mikilvægt er að starfsfólk, leiðbeinendur og þjálfarar hafi viðeigandi menntun og gott aðgengi að símenntun.

Með það að leiðarljósi er stefnan að koma á sérhæfðri þjálfun og fræðslu fyrir starfsfólk sem starfar í Félkó miðstöðinni með það að markmiði að þau upplifi sig öruggari og ánægðari í starfi.

Þá stefnum við að því að setja á fót tilraunaverkefni í tveimur félagsmiðstöðvum og frístundum með áherslu á aukið samstarf. Stofnaður verður vinnuhópur sem hefur það hlutverk að auka það samstarf, með áherslu á aukin gæði þjónustu og fagstarf í frístundaþjónustu.

Ytra og Innra mat

Ytra mat

Lagðar eru fram kannanir fyrir nemendur í 8.-10.bekk sem sækja starf félagsmiðstöðvarinnar. Annars vegar er um að ræða almenna þjónustukönnun þar sem unglingarnir meta árangur og ánægju með starf félagsmiðstöðva. Markmið könnunar er einnig að ná til unglinga sem standa höllum fæti og meta þann árangur starfsins sem snýr að vinnu með einstaka hópa/einstaklinga í félagsmiðstöðvastarfi.

Niðurstöður frá Rannsókn og greining um hagar og líðan ungs fólks í Kópavogi gefa út skólaskýrslur fyrir hvern skóla. Stjórnendur eru hvattir til að rýna skýrsluna í samvinnu við skóla til að koma betur á auga á þætti sem þarf að styrkja í sínu skólahverfi.

Mætingatölur eru teknar saman fyrir hvern mánuð, og samtal við börnin um félagsmiðstöðvastarfið í gegnum unglingaráð eða félagsmiðstöðvaláfanga.

Niðurstöður þjónustukannanna fyrir unglingana komu í heildina mjög vel út. Almennt voru unglingarnir ánægðir með starf félagsmiðstöðvarinnar og mættu í hana til að eiga gott félagslíf og hitta vini. Rúmlega 80% voru sátt eða mjög sátt með félagsmiðstöðina í heild og rúmlega 60% voru ánægð með dagskrána.

Innra mat

Síðasta skólaár gekk nokkuð vel fyrir sig og jókst samstarf skóla og félagsmiðstöðvar mikið á þessu ári sem er að skila sér í gríðarlega góðu samtali áfram inn í næsta skólaár. Það sem vantar mikið inn í starf þebu er 5 starfsmaðurinn á kvöldin þar sem margar kvöldopnanir í fyrra fóru hreinlega í gæslu á eignum skólans. Einnig myndum við vilja gera aðeins betur hvað varðar klúbbastarf og gefa því svolitla innspýtingu á nýju ári.

Umbótaáætlun

Við nýtum bæði kannanir að vori, ábendingar og innra mat til þess að búa til umbótaáætlun fyrir árið.

Tækifæri til umbóta	Leiðir að umbótum	Tímasetning aðgerða	Ábyrgðaraðili	Matsaðferðir	Aðgerðir metnar
Viðfangsefni sem þarfnast umbóta	Hvaða aðgerð (ir)stuðlar að umbótum	Hvenær hefst og hvenær lokið	Hver ber ábyrgð á að umbætur komist til framkvæmda	Hvernig á að meta hvort aðgerðir skila umbótum	Hvenær á að meta hvort aðgerðir hafa skilað árangri
Dagskrá	Senda dagskrá líka í gegnum Mentor ekki bara instagram	September 2024 lýkur aldrei	Forstöðumaður	Með foreldrakönnun 2025	Vor 2025
Opnunartími	Taka umræðu á foreldrafundum	Október 2024 Október 2024	Starfsfólk	Með foreldrakönnun 2025	Vor 2025

Sér árgangaopnanir	Hafa opnanir einungis fyrir einn árgang í einu oftár.	Ágúst 2024 Maí 2025	Starfsfólk/Þeburáð	Skoða dagskrá vetrarins að vori	Vor 2025
Aðstaða félagsmiðstöðvarinnar	Kynna aðstöðu fyrir foreldrum	Oktober 2024 Október 2024	Starfsfólk/unglingar	Sjá í foreldrakönnun að vori	Vor 2025

Verkferlar

- Neyðaráætlun
Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og neyðaráætlun er sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni.
- Móttaka nýrra starfsmanna
Farið yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefni, starfsmannahandbók og fleira.
- Öryggisgátlisti
Starfsfólki er kynnt öryggisgátlisti starfsstöðvar í upphafi starfsárs.
- Handbók um starfið
Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs.
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)
Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaræfingum í samstarfi við skóla og upplýsir starfsfólk.
- Gátlistar vegna sértæks hópastarfs
Móttaka nemanda með annað móðurmál en íslensku og gátlisti vegna eineltis.

Símenntun

Starfsmannafræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu.


Skipulag fræðslu á vegum frístundadeildar 2024-2025



Dagsetning:	Heiti og lýsing	Stutt lýsing	Staðsetning:	Umsjón/Leiðbeinandi:
21. ágúst kl. 17.00-22.00	Velkomin til starfa! Kennsla fyrir starfsmenn	Nýliðafræðsla og kynning á helstu þáttum í starfi félagsmiðstöðva.	Smáraskóli	Verkefnastjóri frístundadeildar og forstöðu-/aðstoðarforstöðumenn félagsmiðstöðva
23.ágúst kl. 17.00-20.00	Velkomin til starfa! Hinsegin fræðsla	Hinsegin fræðsla og hópefli fyrir starfsmenn.	Gufunesbær	Verkefnastjóri frístundadeildar og Hrefna Þórarinsd. – forstöðukona hinsegin félagsmiðstöðvar
11.-12. september	Starfsdagar Samfés	Stjórnendur Félkó sækja þar fjölbreytta fyrirlestra og málstofur.	Varmaland	Samfés – Ýmsir fyrirlesarar.
14. október kl. 17.00-19.00	Fokk me Fokk you og Samfélagslögreglan	Birtingarmynd ofbeldismenningar meðal barna&unglinga	Peða	Andrea Marel, Kári Sigurðsson og Unnar Þór Bjarnason
11.nóvember kl. 17.00-18.30	Verkfaerakistu-dagur	Fyrir starfsfólk frístundadeildar. Lærum hvert af öðru, verklegt.		Forstöðumenn skipta með sér smiðjum
2.desember kl. 17.00-18.30	Spilavinir	Kynning á spilum sem henta vel í félagsmiðstöðvastarf	Fönix	Spilavinir
10.janúar kl. 17.00-19.00	Samfés-Con			Samfés
3. og 5.febrúar kl. 17.00-22.00	Vika 6	Kynfræðsla fyrir unglunga	Allar starfsstöðvar	Áslaug – verkefnastjóri Frístundadeildar
3.mars kl. 17.00-19.00	Verkfaerakistu-dagur.	Kynningar á verkefnum úr námi, fræðsluferðum og fl.	Félkó-miðstöðin	Allir starfsmenn
Mars	Fræðsluferð	Fókus á vettvangsstarf	Sundsvall Svíþjóð	
14.apríl	Sjúkást	Fræðsla frá Stígamótum fyrir alla starfsmenn		Stígamót

Fjöldatölur veturinn 2023-2024

Líkt og í fyrra var fjöldi þeirra sem sótti þebu veturinn 2023-2024 nokkuð jafn yfir árið og vorum við starfsfólkið heilt yfir mjög ánægð með mætinguna. Margar opnanir fóru þó þannig að við breyttumst úr fagfólki í að vera í gæslu því það er alþekkt í okkar starfi að mikill fjöldi ýtir alls ekki undir gæðastarf. Með gæðastarfi er átt við að við getum einbeitt okkur að ákveðnum einstaklingum sem þurfa á starfinu okkar að halda sem eru ansi margir. Því er reikningsformúlan sem notuð er til að finna út fjölda starfsmanna ansi skökk í okkar tilviki. Það þyrfti að taka aðeins meira tillit til þess hversu margir unglingar eru raunverulega að mæta í félagsmiðstöðina sína frekar en fjöldi unglinga á unglingastigi.



Starfsfólk 2024-2025

- Dúna Svava Baldursdóttir – forstöðumaður í 100% starfshlutfalli.
- Einar Björn Þorgrímsson – aðstoðarforstöðumaður í 80% starfshlutfalli
- Gabríela Líf Ragnarsdóttir – frístundaleiðbeinandi í 39% starfshlutfalli
- Gunnar Oddur Hafliðason – frístundaleiðbeinandi í 39% starfshlutfalli.
- Tómas Orri Róbertsson – frístundaleiðbeinandi í tímavinnu
- Aron Brink – frístundaleiðbeinandi í tímavinnu